

veitt er með 9. gr. C 4 fjárlaganna þannig, að hvert amt leggi til sinn hluta af þessu fje með því að álíta megi, að ljáir þessir, sem Torfi Bjarnason hafi innleitt, hafi orðið öllu landinu til gagns. — Eptir þeim reglum, sem jeg í brjefi mínu frá 27. janúar þ. á. hefi látið í ljósi, að jeg ætlaði að fylgja við skiptingu fjár þessa, verð jeg áður en jeg gjöri ákvörðun um þetta, að leita álíta hlutaðeigandi amtsráða; en jeg vil þegar nú taka fram, að það virðist vera samkvæmt hlutarins eðli, að verðlaun þau, er mönnum eru veitt fyrir dugnað í landbúnaðarframkvæmdum, greiðist einkum af fjárlhuta þess umdæmisins, er hlutaðeigandi er búsettur í. Samkvæmt þessu skal hjermeð samþykkt, að af fjárlhuta vesturumdæmisins veitist á þessu ári 500 kr. verðlaun handa Torfa Bjarnasyni, og greiðist til þess 300 kr. af þeim helmingi fjárveitingarinnar, er ekki er ætlaður búnaðarfelögum og sjóðum, en þær 200 kr., er eptir eru, gjöri jeg ráð fyrir, að veittar verði Torfa úr búnaðarsjóði vesturumdæmisins. Hvort verðlaun þessi verði hækkuð um 500 kr. skal geymt að ákveða, þangað til tillögur amtsráða suðurumdæmisins og norður- og austurumdæmisins eru fengnar.

Enn fremur samþykkt, að veittar verði kennslustofnuninni í Ólafsdal 600 kr. — a. Halldóri Jónssyni frá Laugabóli til að halda áfram búnaðarnámi erlendis. 200 — * — Kristjáni bónda Tómassyni á Þorbergsstöðum fyrir búsjúsludugnað og til verkfæra kaupa 66 — 67 — Pjetri bónda Jónssyni á Malrifi sömuleiðis 66 — 67 — Jarðabókarsjóðsávisun á þær 2466 kr. 67 a., er þannig hefir verið ráðstafað, fylgir.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um fiskiveiðar Færeyinga og annara útlendinga.* — Í þóknanlegu brjefi frá 3 þ. m. hafið þjer herra, sýslumaður, spurt 28. júlí.

- 1, hvort borgarabryef hljóðandi upp á síldarveiði og verzlun einnig veiti rjett til þorskveiða innfjarðar,
- 2, hvort skip, sem koma hingað til fiskiveiða annaðhvort frá Noregi eða Færeyjum, sjeu ekki skyld, áður en þau leggja inn á ólögiltar hafnir eða skipalegur að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir á einhverju löggiltu kaптúni
- 3, hvort lögreglustjóra sje heimilt að skipa svo fyrir, að skipstjórar, sem hafa sýnt einhverja óreglu, fyrst um sinn liggi með skip sín á stöðum þeim, er lögreglustjóri álitur að helzt sje hægt að hafa umsjón með framferði þeirra.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er nú segir:

Við 1. Hver maður, sem hefir tekið sjer fasta aðsetu hjer á landi hefir aðgang til alls konar fiskiveiða og ekki síður þorskveiði en síldarveiði. Hins vegar er það, eins og tekið er fram í brjefum mínum frá 3. maí og 7. júní þ. á. (stjórnartíð. B. 82 og 95), nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að stunda fiskiveiðar í landhelgi, að hlutaðeigandi í raun og veru setjist að einhversstaðar á landinu og gjörist þegn hins danska ríkis.

Við 2. Hvort heldur skip kemur frá innanríkis eða utanríkis tollstöðum, verð jeg að álíta það skyldu þess, samkvæmt 2. og 7. gr. laga 15. apríl 1854 og samkvæmt 3. gr. laga 7. nóvbr. f. á. að fullnægja toll- og sóttvarnarlögum á einhverju löggiltu kaптúni, áður en þau leggi annarstaðar að landi. Fiskiskip eru háð-hinum sömu lögum, nema því að eins að þau leiti hafnar í neyð sinni.

Við 3. Það er bæði rjettur og skylda lögreglustjóra, er hefir sennilega ástæðu til að gruna skip um brot gegn tollögum, sóttvarnarlögum eða öðrum lögum, er mjög

121 28. júlí. ríður á, að verði fylgt fram með strangleika, að kyrrsetja skipið meðan á rannsókninni stendur og jafnvel þangað til málið er útkljáð, einkum ef skipið á ekki heima hjer á landi, og því er hætt við, að skipið komist undan allri ábyrgð, ef því er sleppt. Hins vegar getur lögreglustjóranum ekki borið vald til að hepta ferðir skipa þeirra, er hafa orðið sek í lagabroti eða óreglu fram yfir þann tíma, er nauðsynlegur er til að útkljá mál þau, er rísa af slíkri óreglu.

122 28. júlí. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um vitagjald.* — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, um skilning á orðunum «fram hjá Reykjanesi» í 1. gr. laga um vitagjald frá 10. oktbr. f. á. vil jeg tjá yður það er nú segir:

1. Eg verð að álita öll þau skip skyld til að greiða vitagjald sem koma hingað frá útlöndum fyrir sunnan og vestan land án tillits til þess, hvort þau hafa á leið sinni sjeð Reykjanes eða vitann á því.

2. Af skipum þeim, sem koma norðan um land og ekki hafa síðan á fiskiveiða-ferðum eða öðrum ferðum farið suður fyrir Reykjanes, er engin heimild til að heimta vitagjald, nema því að eins að það sje ljóst við afgreiðslu slíkra skipa, að þau ætli suður fyrir Reykjanes.

123 28. júlí. — *Brief landshöfðingja til póstmeistara um týnda póstsendingu.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 21. f. mán. ritað mjer á þessa leið: «Í þóknalegu brjefi frá 13. apríl þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að þegar norðanpósturinn kom til Reykjavíkur 25. janúar þ. á. hafi í póstsendingar þær, er fara áttu á pósthúsið þar, vantað ljereptspoka merktan P. B. með 200 kr. í gulli í, er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafði afhent póstafrgreiðslunni á Seyðisfirði, og sem átti að fara til yðar, og hafi það ekki heppnast síðan að spyrja uppi sendingu þessa, og skjótið þjer nú spurningunni um endurgjaldsskyldu póststjórnarinnar í þessu tilliti undir úrskurð ráðgjafans.

Fyrir því undanfelli jeg ekki að tjá yður þjónustusamlega til þóknlegrar leiðbeiningar og frækari ráðstafanar, að hina glötuðu sendingu ber samkvæmt 13. gr. tilsk. um póstmál á Íslandi frá 26. febr. 1872 að endurgjalda þeim, er afhenti hana, og ber að taka endurgjald þetta af fje því, sem veitt er með 11. gr. 3 fjárlaganna.

Í sambandi hjer með skal eigi látið undan falla að vekja athygli yðar, herra landshöfðingi, á hinn óhaganlegu meðferð, er hin glataða peningasending hefir orðið fyrir af hendi póstafrgreiðslumannsins í Seyðisfirði, þar eð hann hefir fest ljereptspoka þann er peningarnir voru í, í eitt horn pósttöskunnar, og segir nefndur póstafrgreiðslumaður, að þetta fyrirkomulag sje föst regla hjá sjer. Út af þessu, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að hlutast til um, að brýnt verði fyrir hlutaðeigandi póstmönnum að gæta hinnar nauðsynlegu varfærni í meðferð sinni á peningasendingum og öðrum áriðandi smásendingum, og skal í þessu tilliti tekið fram, að það virðist haganlegast, að búa um slíkar sendingar í litlum kassa úr trje eða pjátri, áður en þær eru látnar í póstpokann, því annars er hætt við, að þær glatist úr póstpokanum, þegar gat kemur á hann af sliti.»

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra póstmeistari, til þóknlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni vil jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að póstafrgreiðslumenn hafi eptirleiðis sjerstakar umbúðir úr trje, pjátri eða öðru hentugu efni utan um allar peninga og ábyrgðarsendingar, svo að ekki verði hætt við, að póststjórnin verði opt-